



Alþýðusamband Íslands

Gylfi Arnbjörnsson, forseti ASÍ

1. maí 2013 – Hafnarfirði

Ágætu félagar.

Í dag á alþjóðlegum baráttudegi verkafólks sameinast launafólk um allan heim til að vekja athygli á kjörum sínum og baráttumálum. Fyrsta kröfugangan á 1.maí var farin hér á landi fyrir réttum 90 árum.

Dagurinn er einnig tækifæri til þess að rifja upp það sem verkalýðshreyfingin hefur áorkað með starfi sínu og draga lærdóm af reynslu liðinna ára og minnst þess að oftast en ekki hefur okkur tekist að ná miklum árangri þó á móti hafi blásið.

Þegar við metum stöðu okkar fólks í dag blasa afleiðingar efnahagskreppunnar í kjölfar bankahrunsins haustið 2008 enn hvarvetna við, þótt ýmislegt hafi áunnist.

Þá hrundi krónan, verðbólga fór aftur á fulla ferð, tekjur drógust saman og kaupmáttur féll. Um leið snarhækkðu afborganir og eftirstöðvar lána. Afleiðingin var sú að þúsundir launafólks gat ekki lengur staðið undir skuldbindingum sínum og veitt sér og fjölskyldum sínum eðlileg lífsgæði og öryggi.

Samdráttur í atvinnulífinu kallaði síðan yfir okkur meira atvinnuleysi en áður hafði mælst hér á landi og það sem verra er að mikill fjöldi fólks situr fast í langtímaatvinnuleysi.

Þótt nú hafi dregið úr skráðu atvinnuleysi er það enn með öllu óásættanlegt. Hátt í 9.000 félagar okkar eru skráðir atvinnulausir en þessar tölur segja þó ekki alla söguna því sá hópur fer vaxandi sem fullnýtt hefur rétt sinn til atvinnuleysisbóta eða hreinlega yfirgefið landið í atvinnuleit.

Þessi staða er óásættanleg góðir félagar og það er mat ASÍ að skapa þurfi allt að 18.000 störf með markvissum aðgerðum ef vel á að vera! Það er stór áskorun fyrir okkur og um leið mikil vonbrigði að ekki hafi betur tekist til í þessu efni á síðustu árum. Þar skorti ekki á samnings- og samstarfsvilja verkalýðshreyfingarinnar.

Því má síðan ekki gleyma, að þrengt hefur að fjárhag ríkis og sveitarfélaga, álögur á almenning aukist og skerðing orðið á velferðarþjónustu. Þessi samdráttur hefur bitnað verst á þeim sem síst skildi;

tekjulágum barnafjölskyldum, öldruðum og öryrkjum. Þar við bætist að húsnæðismálin eru í miklum ólestri. Ungt fólk sem er að hefja búskap og lágtekjufólk hefur enga raunhæfa valkosti um ásættanleg húsnæðisúrræði og greiðslubyrði vegna húsnæðisöflunar er með öllu óásættanleg. Skiptir þá engu hvort við erum að tala um kaup á eigin húsnæði eða leigu.

Þess vegna er það svo að yfirskriftin í dag er Kaupmáttur – atvinna – velferð. Hún endurspeglar ákall okkar um róttækar breytingar – um sókn til bættra lífskjara og meiri jöfnuð – og kröfu verkalýðshreyfingarinnar um að nú fari að ljúka þessum erfiða vetri vinnandi fólks!

Góðir félagar,

Saga okkar er svo samofin sögu framfara, mannréttinda og velferðar hér á landi að þar verður ekki skilið á milli. Og það er engin ástæða til að ætla annað en að okkur takist að svara ákalli dagsins ef okkur lánast að standa þétt saman um úrlausnarefnin. Þá er gott að minnst þess að starf verkalýðshreyfingarinnar hefur skilað miklum árangri í gegnum tíðina. Það eykur okkur bjartsýni um betri tíma.

Þá er gott að rifja það upp, að fátt er líkt með þeim kjörum, réttindum og aðbúnaði sem launafólk býr við hér á landi í dag og bara fyrir nokkrum áratugum. Hvað þá ef við minnumst ástandsins sem var fyrir rúmri öld síðan þegar íslensk verkalýðshreyfing var að stíga sín bernskuspor.

Kjarasamningar og löggjöf sem tryggja launafólki föst laun, hvíldartíma og frídaga, veikinda- og slysarétt, uppsagnarrétt, orlof, fæðingar- og foreldraorlof, reglur um mannsæmandi aðbúnað á vinnustað eru allt sjálfsagðir hlutir í dag. Öll þessi réttindi, og fjölmörg önnur, eru ávöxtur samstöðu, átaka og baráttu.

Sama gildir um almannatryggingar, lífeyrisréttindi, atvinnuleysistryggingar og réttinn til heilbrigðisþjónustu, starfsendurhæfingar og menntunar. Okkur er hollt að minnst þess að sú velferð og það öryggi sem launafólk hér á landi hefur búið við er árangur af baráttu verkalýðshreyfingarinnar og bandamanna hennar. Ekkert af þessu féll af hinnum ofan og við eigum að vera stolt af þeim árangri sem náðst hefur.

Það er jafnframt mikilvægt að hafa það í hug að þetta eru mikilvægustu verðmæti launafólks í dag og vegna þess að stór hluti þeirra byggir á kjarasamningum hefur okkur betur tekist að verja þau í hremmingum undanfarinna ára en víðast hvar annars staðar.

Það er sérstaklega mikilvægt núna að treysta þann árangur og þá velferð sem baráttu forvera okkar skilaði um leið og við byggjum upp til framtíðar.

Á sama tíma berast okkur stöðugt fréttir af því að sótt er að kjörum og réttindum félaga okkar víða um heim. Í ávarpi Alþjóðasambands verkalýðsfélaga nú á 1. maí er harðlega gagnrýnd sú leið samdráttar og niðurskurðar með tilheyrandi atvinnuleysi og skertri velferð sem mörg lönd Evrópu hafa valið til að takast á við hina alþjóðlegu efnahagskreppu. Bent er á glæpi alþjóðlegra auðhringa og þjóna þeirra sem með framgöngu sinni hafa kostað þúsundir verkafólks lífið, nú síðast í Bangladesh

og Pakistan. Forystumenn og félagar í verkalýðsfélögum í Kólumbíu, Gvatemala og víðar gjalda með lífi sínu baráttuna fyrir félagslegu réttlæti og tyrkneskt verkafólk er dregið fyrir dóm og fangelsað fyrir að standa á rétti sínum.

Við sendum þessum félögum okkar og öðrum í hliðstæðum sporum baráttu- og stuðningskveðjur á alþjóðlegum baráttudegi verkafólks.

En góðir félagar,

Íslenskt samfélag stendur frammi fyrir aðstæðum sem kalla á að við þeim verði brugðist af festu og framsýni, ábyrgð og réttlæti.

En hvernig Ísland viljum við búa okkur sjálfum og börnum okkar til framtíðar?

Við viljum ekki það samfélag vaxandi misskiptingar og óréttlætis sem hér dafnaði í þenslunni fyrir hrunið þar sem bilið á milli ríkra og fátækra margfaldaðist m.a. með ranglátri skattastefnu og þar sem hópar öryrkja, aldraðra, barnafjölskyldna og einstæðra mæðra sátu eftir þrátt fyrir allt góðærið.

Við viljum ekki aftur samfélag ofurlauna og auðsöfnunar fárra einstaklinga.

Við viljum ekki aftur samfélag þar sem reynt er að telja fólki trú um að verðmætasköpun felist helst í því að braska og kaupa og selja verðbréf. Að efnahagslífið sé eitt allsherjar spilavíti þar sem ekki er hægt að tapa.

Við viljum ekki samfélag sérhyggju, þar sem hver og einn hugsar aðeins um sjálfan sig og þar sem almennt siðgæði og samfélagsleg ábyrgð er litin hornauga.

Við viljum aldrei aftur samfélag með þeim einkennum sem hér hefur verið lýst – því það var einmitt þetta sem olli hruninu.

Nú þegar við horfum til framtíðar þarf krafa okkar að vera skýr.

Við viljum uppbyggingu á grunni velferðar og samfélagssýnar norrænnar verkalýðshreyfingar þar sem langtímahugsun og stöðuleiki, samstaða á grunni þríhliða samstarfs og réttlát og sanngjörn skipting byrðanna er í fyrirrúmi.

Við verðum að endurheimta kaupmátt launa.

Við getum ekki og munum aldrei sætta okkur við að þúsundir félaga okkar séu án atvinnu um lengri tíma.

Við verðum að efla og treysta velferðarsamfélagið fyrir alla.

Þess vegna er yfirskrift dagsins Kaupmáttur – atvinna – velferð!

Kæru félagar

Í aðdraganda kosninganna töluðu stjórnmalaleiðtogar og fulltrúar atvinnurekenda um þörfina fyrir samstöðu – um þörfina fyrir þjóðarsátt.

Ég tel að svar okkar hljóti að vera jákvætt, að við séum til, en setja jafnframt fram skýrar kröfur um það á hvaða forsendum það á að vera hægt:

Krafan er þjóðarsátt um efnahagslegan stöðugleika og aukinn kaupmátt.

Í næstu kjarasamningum verður að leggja grunn að markvissum aðgerðum til að auka kaupmátt launa með kauphækkunum sem ekki eru jafnóðum teknar af fólki í gegnum verðbólguna sem vinna verður bug á og ekkert gagnast betur í kjarabaráttu dagsins en stöðugleiki með lágri verðbólgu og lágum vöxtum.

Í næstum 15 ár höfum við búið við fljótandi gjaldmiðil sem við verðum að horfast í augu við að hefur ekki tekist að leggja neinn þann grunn að nauðsynlegum stöðugleika. Því verður verkalýðshreyfingin að leggja höfuðáherslu á að ná samstöðu um stefnu og aðgerðir á sviði gengis- og peningamála á næstu mánuðum og misserum. Það er ljóst að við sitjum uppi með krónuna næstu árin og það er forsenda sem við verðum að vinna út frá. Við hljótum því að ræða það við nýja ríkisstjórn hvort pólitískur vilji sé til þess að skapa stöðugleika í gengismálum og jafna starfsskilyrði atvinnulífsins með því að festa gengi krónunnar og lækka stýrivexti í skjóli gjaldeyrishaftanna.

En félagar

Krafan er einnig þjóðarsátt um auknar fjárfestingar í atvinnulífinu og fleiri störf.

Fyrir liggur að endurreisn atvinnulífsins eftir hrunið hefur gengið allt of hægt. Að hluta til má skrifa þetta á alþjóðlega efnahagskreppu. En sökin er líka hjá stjórnvöldum sem ekki hafa skapað þau skilyrði sem eru forsenda vaxtar og atvinnusköpunar. Hik og stefnuleysi stjórnvalda hefur komið sérstaklega illa niður á atvinnuuppbyggingunni og afleiðingarnar blasa við. Enginn vafi er um það í mínum huga, að þetta er megin skýringin á slæmu gengi þeirra flokka sem mynduðu síðustu ríkisstjórn.

Til framtíðar þurfum við að stefna að sjálfbærri nýtingu náttúrugæða til uppbyggingar íslensku atvinnulífi – við þurfum fleiri græn störf. Auk þekktra kosta eins og ferðaþjónustu, orkuauðlinda og ferskvatns má nefna spennandi samspil á nýtingu varma sem afgangsstærðar við raforkuframleiðslu með jarðhita. Þessi varmi mun í framtíðinni leggja grundvöll að víðtækum lífrænum efnaiðnaði hér á landi. Að sama skapi verður Ísland að nýta sér samkeppnisforskot sitt í hreinum matvælaiðnaði með sjálfbærni og fullnýtingu á sjávarfangi og afurðum í landbúnaði, en til þess þurfum við betra aðgengi að erlendum mörkuðum.

Atvinnulífið kallar á að menntakerfið leggi áherslu á skapandi greinar og nýsköpun, ásamt því að efla verk- og tækninám. Nauðsynlegt er að jafna stöðu þess gagnvart bóknámi þannig að slíkt nám sé raunhæfur og eftirsóknarverður kostur, jafnt fyrir ungmenni og einstaklinga sem komnir eru út á vinnumarkaðinn. Þá er mikilvægt að halda áfram að styðja og efla einstaklinga sem eru án atvinnu til þátttöku á vinnumarkaðinum að nýju.

Og félagar,

Krafan er ekki síður þjóðarsátt um eflingu heilbrigðis- og velferðarkerfisins og nýtt húsnæðiskerfi sem mætir þörfum allra

Heilbrigðis- og velferðarkerfið er um sumt verulega laskað eftir hrunið. Tryggja þarf öllum aðgang að góðri grunnþjónustu í heilbrigðiskerfinu með uppbyggingu öflugra heilsugæslustöðva um allt land. Þá er nauðsynlegt að vinna ofan af tekjutengingu í almannatryggingakerfinu, til hagsbótar fyrir öryrkja og aldraða, en fyrir liggur frumvarp sem breið samstaða var um.

Verkalýðshreyfingin hefur á undanförunum mánuðum kynnt tillögur að nýju húsnæðislánakerfi og félagslegu húsnæðiskerfi.

Megininntakið í tillögunum er húsnæðiskerfi þar sem heimilin búa við öryggi og stöðugleika í fjármögnun íbúðarhúsnæðis – með tilliti til vaxta, lánstíma og afborgunarskilmála. Þó lyklatríði sé að ná tókum á verðbólgu og vöxtum, þurfum við húsnæðiskerfi þar sem húsnæðis kaupendum verður gefinn kostur á hagstæðum og öruggum langtímalánum sem byggja á föstum viðráðanlegum nafnvöxtum og fyrirsjáanleika inn í framtíðina í stað verðtryggðra lána. Sjálfvirk áhrif verðbólgu á höfuðstól eftirstöðva lánsins verða afnumin – við munum ekki aftur sætta okkur við forsendubrestinn í formi endurtekinnna gengisfellinga og eignaupptöku!

Tryggja verður að áhættunni af efnahagshruni verði deilt milli fjármagnseigenda og lántaka með sanngjarnari hætti en nú er. Koma verður í veg fyrir að húsnæðiskerfið verði aftur fjármagnað með með innlánum eða áhættusækinni fjármálastarfsemi. Skilaboðin eru skýr, við viljum meira öryggi og betri kjör og verkalýðshreyfingin verður að fylkja sér að baki þeim fjölskyldum sem þurfa að nota yfir 40% tekna sinna í húsnæðiskostnað með breiðri sátt um að hér verði félagslegt húsnæðiskerfi endurreist. Með því að hrinda framangreindum tillögum í framkvæmd getum við lækkað húsnæðiskostnað venjulegra fjölskyldna um tugi þúsunda á mánuði. Það munar um minna.

Ágætu félagar.

Við höfum því verk að vinna. Hvernig til tekst ræðst af ýmsu en eitt er alveg ljóst. Það er afar mikilvægt að verkalýðshreyfingin standi þétt og einhuga saman í þeim samningum sem framundan eru. Það er mikilvægt að atvinnurekendur mæti kröfum og áherslum launafólks af sanngirni og framsýni. Síðast en ekki síst er mikilvægt að sú ríkisstjórn sem hér verður mynduð skapi nauðsynleg skilyrði og stuðli með aðgerðum sínum að stöðugleika, öflugri atvinnuuppbyggingu og réttlátu velferðarkerfi. Það mun ráða miklu um hvort hér verður á næstu mánuðum og árum byggt upp samfélag á grunni yfirskriftar dagsins um Kaupmátt – atvinnu – velferð!

Til hamingju með daginn og gleðilegt sumar.